


BREYTING Á AÐALSKIPULAGI STYKKISHÓLMS 2002-2022

MÍÐSVÆÐI STÆKKAD VIÐ AÐALGÖTU



Aðalskipulag Stykkishólms, staðfest 09.07.2002

Mkv. 1:10.000 m.v. blaðstærð A2



Tillaga að breyttu aðalskipulagi

GILDANDI SKILMÁLAR.

Í gildi er aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022. Það var samþykkt í Bæjarstjórn Sykkishólms þann 21. mars 2002 og staðfest af ráðherra þann 9. júlí 2002.

Í greinargerð með gildandi aðalskipulagi segir m. a.

Í skipulaginu er lögð áhersla á verndun og varðveislu gamla bæjarins í Stykkishólmi. Jafnframt er hvatt til frekari nýtingar og uppyggingsar í gamla bænum. Þar eru áhugaverðir möguleikar á þjónustu við ferðamenn í sambýli söguminja og nútíma atvinnuháttar.

Húsbryrpingarnar í gamla bænum í Stykkishólmi eru menningarverðmæti sem Hölmrar eiga og ljóst er að mikill áhugi er fyrir þeim. Í gamla bænum er að finna einstök menningarverðmæti á landsvisu. Þar eru án efa vannyttr sóknarfæri til kynningar á bænum með tilliti til ferðajónustu. Er þá hugsað til þess sem spáð hefur verið að ferðajónustan, með áherslu á sérkenni lands og þjóðar, verði öflugasta atvinnugrein 21. aldarinnar.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI STYKKISHÓLMS 2002-2022.

Miðsvæðið er stækkað þannig að hús við Aðalgötu 7 sem er á ibúðasvæði verður eftir breytingu á miðsvæði. Stækkan á miðsvæði er u.p.b. 1300 m².


Með breytingunni verður meiri samfella í miðbæjarsvæðinu og breytingin samræmist ágætlega núverandi landnotkun þar sem aðeins er verið að færa til mörk miðbæjarsvæðis. Breytingin víkur ekki frá meginstefnu aðalskipulagsins.

Húsið við Aðalgötu 7 var byggt árið 1896 og er þess vegna friðað vegna aldurs. Húsið var byggt sem læknibústaður og sjúkrahús en árið 1931 varð það bústaður sýslumanns og hysti sýslumannsembættið í Stykkishólmi allt til ársins 2000 en þá var því breytt í ibúðarhús. Í húsinu hefur því lengst af verið þjónustustarfsemi sem bæjarbúar áttu erindi við um margra ára skeið.

Með þessari breytingu núna er heimilað að reka starfsemi í húsinu sem samræmist starfsemi á miðsvæðum. Fyrirhugað er að reka gistiheimili í húsinu en í aðalskipulagi er talað um að í miðbænum séu áhugverðir möguleikar á þjónustu við ferðamenn í sambýli söguminja og nútíma atvinnuháttar. Starfsemin fellur vel að þeiri starfsemi sem fyrir er í miðbænum og mun eflaust styrkja hana.

Aðkomu að húsinu er frá Aðalgötu en næstu nágrannar eiga aðkomu annarsvegar frá Austurgötu og hinsvegar frá Víkurgötu. Það verður því vart séð að tillagan hafi neikvæð áhrif á nágrannana og breytt landnotkun mun vart skerða verðmæti eða hagnýtingu fasteigna á svæðinu.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2, mgr. 36. gr. skipulagslag nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann 12.12. 2017.



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 19. janúar 2017.



ADALSKIPULAG STYKKISHÓLMS ADALSKIPULAGSBREYTING við Aðalgötu 7

 Stykkishólmur Bærinn við eyjarnar		GLÁMA-KÍM
Breyting:	Teikn.nr.:	
	A - 01	
Útgáfud:	Mkv.:	1:10.000 m.v. A2
21.11.2017		
Verkor:	Teiko.	Yfirl.
	1509048	BBJ BB/JST

BANNAD ER AD MEALAF TEIKNINGUM
TEIKNINGU HÉSSA MA EKKI ENDURNÝTA MED NEINUM HÆTTI AD HLUTATILEDNA HEILD AN SKRIFLEGS LEYFIS HOFUNDAR
glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is

